

69. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 13. desember 2012, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ólöf Arnmundsdóttir, Indriði Þórsoddsson, Björn Guðmundur Björnsson, Sigurður Ragnar Kristjánsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson, og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 06.12.2012

Lögð fram til kynningar

2. Starfsáætlun 2013 frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf. ásamt fundargerðum.

Um er að ræða starfsáætlun 2013 ásamt rekstraáætlun hlutur, Langanesbyggðar er 1.453.523 kr. og rekstraráætlun Langanesbyggðar gerir ráð fyrir því. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir dags. 27.03.2012 - 16.05.2012 - 18.05.2012 - 28.08.2012 - 16.10.2012 - 07.12.2012

Lagðar fram til kynningar.

Atvinnuþróunarfélagið hefur dregið úr heimsóknum til Langanesbyggðar undanfarið. Sveitarstjóra falið að skrifa bréf til Atvinnuþróunarfélagsins og óska eftir því að þeir komi með reglubundnum hætti í heimsókn í Langanesbyggð til að sinna þeim verkefnum sem falla undir Atvinnuþróunarfélagið. Einnig að óska eftir yfirliti yfir þá þjónustu sem Atvinnuþróunarfélagið hefur sinnt í Langanesbyggð síðustu 3 ár.

3. Skýrsla sveitarstjóra.

- Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
- Rekstraraðilar Fonts ehf. hafa óskað eftir því að fá lengingu á opnunartíma 26 des. (annan í jólum) eru með leyfi til kl.01:00 og óska eftir að fá að hafa opið til kl. 03:00 Samþykkt samhljóða.
- Næsti formlegi fundur verður haldinn fimmtudaginn 10. jan. 2013.
- Sveitarstjóri sagði frá fundi sem hann átti með heilbrigðisfulltrúa, skólustjóra og vinnuefirlitinu.
- Sveitarstjóri sagði frá stöðu íþróttarhússins.

4. Húsreglur fyrir félagsheimilið Þórsver.

Eftirfarandi ályktun barst frá Vímuvarnarráði og Íþróttá- og tómsundaráði á sveitarstjórnarfund þann 6. desember sl.

Þar er farið fram á að sveitarstjórn samþykki eftirfarandi útleiguskilyrði vegna Þórsvers:

Dansleikir

Allt dansleikjahald í húsinu skal vera í samræmi við landslög og framkvæmt í góðu samráði við lögregluþjóf. Gæslan í húsinu skal vera sýnileg og öflug með það fyrir augum að koma í veg fyrir líkamsmeiðingar og skemmdir á húsi og húsbúnaði.

Miða skal við 18 ára aldurstakmark og almennir dansleikir með 16 ára aldurstakmarki verða ekki haldnir í húsinu að því undanskildu að um vímulausa samkomu sé að ræða.

Á sveitarstjórnarfundinum þann 6. desember sl var ákveðið að fela sveitarstjóra að gera tillögu að heildarreglum fyrir útleigu á félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Eftirfarandi tillaga lögð fyrir sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundum þann 13. desember 2012

Húsreglur fyrir félagsheimilið Þórsver

- Megin hlutverk félagsheimilisins Þórsvers er að þjóna íbúum í Langanesbyggð sem samkomuhús, þar sem haldnir eru menningarviðburðir, samkomur og ýmsir aðrir viðburðir.
- Þeir sem taka húsið á leigu bera ábyrgð á því að viðhafa umgengnisreglur hússins og sjá til þess að umgengni um húsið sem til fyrirmyndar.
- Þeir sem panta húsið gera það hjá húsverði. Húsvörður afhendir viðkomandi húsið og þegar húsinu er skilað skal húsvörður taka út að því sé skilað í sama ástandi og viðkomandi leigjandi tók við því.
- Þegar Þórsver er leigt til dansleikjahalds skal það vera í samræmi við landslög og framkvæmt í góðu samráði við lögregluvirkvöld. Gæslan í húsinu skal vera sýnileg og öflug með það fyrir augum að koma í veg fyrir líkamsmeiðingar og skemmdir á húsi og húsbúnaði. Við almennt dansleikjahald skal miða við að aldurstakmark verði 18 ára og miðast það við afmælisdaginn. Dansleikir með 16 ára aldurstakmarki verða ekki haldnir í húsinu að því undanskildu að um vímulausa samkomu sé að ræða.

Undanþága frá þessum reglum verður veitt á Þorrablótinu í Þórsveri 2013 en þar er heimilt að hafa aldurstakmarkið 17 ára og miða það við almannaksárið

Reglurnar öðlast gildi við samþykki sveitarstjórnar

Samþykkt með 5 atkvæðum, 1 var á móti og 1 sat hjá.

Fleira ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 19:00